



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2026

**ÍSLE3NB05**  
Nútímabókmenntir

|          |                                                                                                                                                                                                                                                   |
|----------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Kennarar | <b>Bertha I. Johansen</b> <a href="mailto:berthajo@fsu.is">berthajo@fsu.is</a><br><b>Jón Özur Snorrason</b> <a href="mailto:jozur@fsu.is">jozur@fsu.is</a><br><b>Þuríður M. Björnsdóttir</b> <a href="mailto:thuridur@fsu.is">thuridur@fsu.is</a> |
|----------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

### Áfangalýsing

Í áfanganum kynnast nemendur íslenskri bókmenntasögu frá 1920 til nútímans í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlandis og erlendis. Nemendur læra um helstu höfunda þessa tímabils, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og reyna að átta sig á erindi þeirra við eigin samtíma og nútímann.

**Undanfari:** ÍSLE2BV05

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- ritgerðarsmíð og heimildavinnu
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- helstu bókmenntastefnum sem tengjast viðfangsefninu

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og vandaðan hátt á blæbrigðaríku máli
- ganga frá texta til birtingar
- nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka og bera saman bókmenntaverk og setja þau í sögulegt samhengi
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- velja ritstíl sem hæfir aðstæðum
- tjá rökstudda afstöðu

Námsefni

- Dagur Hjartarson. (2024). *Sporðdrekar*. Benedikt-bókaútgáfa.
- Elínborg Ragnarsdóttir og Sólveig Einarsdóttir. (2017). *Skáld skrifa þér – brot úr bókmenntasögu frá 1920 til nútímans*. JPV-útgáfa.
- Kjörbók eftir íslenskan höfund og skrifuð eftir 2010.
- Ljóðabækur á bókasafni.
- Efni frá kennurum.

Námsmat

| Námsþáttur         | Lýsing á námsmati                                                                                                                                                 | Vægi |
|--------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| Bókmenntasaga      | Verkefni 10% og tvö próf 20%. Til þess að tileinka sér efnið sem best þarf að lesa vel viðfangsefnið, vinna og fást við ýmiss konar texta og taka þátt í umræðum. | 30%  |
| Sporðdrekar        | Þrjú lespróf (15%) og ritgerð 20% (lágmarkseinkunn 5).                                                                                                            | 35%  |
| Kjörbók            | Hetjulíkan, greining og kynning.                                                                                                                                  | 20%  |
| Ljóðaverkefni      | Greining og kynning.                                                                                                                                              | 10%  |
| Virgni og ástundun | Mæting, þátttaka í tímum.                                                                                                                                         | 5%   |
| Samtals            |                                                                                                                                                                   | 100% |

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil

| Dags.                                                        | Viðfangsefni                                                                     |
|--------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------|
| 5. - 9. jan.<br>Kennsla hefst á fim.                         | Kynning áfanga.<br>Bókmenntasagan kynnt með stuttu verkefni.                     |
| 12. - 16. jan.                                               | Nýjungar í byrjun 20. aldar, bls. 13-23.                                         |
| 19. - 23. jan.                                               | Félagslegt raunsæi, bls. 25-69.                                                  |
| 26. - 30. jan.                                               | <b>Próf 1 úr bókmenntasögu 10%.</b> Lesa heima bls. 5-94 í Sporðdrekum.          |
| 2. - 6. feb.                                                 | Sporðdrekar, bls. 5-94. <b>Lespróf 5%.</b>                                       |
| 9. - 13. feb.                                                | Sporðdrekar, bls. 95-207. <b>Lespróf 5%.</b><br>Heimildaritgerð lögð inn.        |
| 16. - 20. feb.<br>Miðannarmat                                | Sporðdrekar, bls. 208-303. <b>Lespróf 5%.</b>                                    |
| 23. - 27. feb.<br>Vorfrí mán. og þri.                        | <b>Heimildaritgerð skilað 20%.</b>                                               |
| 2. - 6. mars<br>Áfangamessa mið.                             | Móðernismi, bls. 71-124.                                                         |
| 9. - 13. mars<br>Valdagur mið.                               | Nýraunsæi, bls. 125-143.                                                         |
| 16. - 20. mars<br>Kátir dagar og Flóafár                     | Töfraraunsæi, póstmóðernismi o.fl., bls. 144-211.                                |
| 23. - 27. mars                                               | <b>Próf 2 úr bókmenntasögu 10%.</b> Kjörbókalisti kynntur og nemendur velja bók. |
| 30. mars - 3. apríl                                          | <b>PÁSKAFRÍ</b>                                                                  |
| 6. - 10. apríl<br>Kennsla byrjar á þri.                      | Ljóðaverkefni – kynningar.                                                       |
| 13. - 17. apríl                                              | Ljóðaverkefni – kynningar.                                                       |
| 20. - 24. apríl<br>Sumardagurinn fyrsti                      | Hetjulíkan kynnt og nemendur vinna með kjörbókina út frá því.                    |
| 27. apríl - 1. maí<br>1. maí (fös.)                          | Hetjulíkan – verkefnavinna.                                                      |
| 4. - 8. maí                                                  | Hetjulíkan – kynningar.                                                          |
| 11. - 15. maí<br>Uppstigningardagur<br>Námsmat byrjar á fös. | Kynningar og uppsóp.                                                             |

## Sérreglur áfangans

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá skipulag í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað. Eftir skiladag er gefið tveggja daga svigrúm til að skila verkefni. Eftir að skilahólf er lokað er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt fyrir skiladag. Nemendur með lögleg forföll verða að skila verkefni eigi síðar en viku eftir

skiladag. Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.

- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema þess þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er leyft að vinna verkefnið sjálf í símanum.

### **Reglur um svindl og notkun gervigreindar**

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

### **Námsmats- og prófsýningardagur**

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar.

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

6. janúar, íslenskukennarar.